# VIRÐING-TRAUST-FAGMENNSKA



# Ársskýrsla HVE 2024

**Umsjón með útgáfu/**
**hönnun/umbrot**
Ágústa Rósa Andrésdóttir
Útgáfud. 28.05.2025

**Forsíðumynd**
Kirkjufell
Ljósm.: Tómas Freyr Kristjánsson

# Efnisyfirlit

Skipurit HVE " 4

Stjórn og stjórnendur " 6
Frá forstjóra " 8
Gæðamál " 10
Mannauðsmál " 12
Húsnæði og tækjabúnaður " 16
Nefndir og ráð " 17
Samstarf " 18

**Heilsugæslusvið** " 20

**Hjúkrunarsvið** " 32

Hjúkrunardeild HVE Hólmavík " 33
Hjúkrunardeild HVE Hvammstanga " 33
Hjúkrunar- og Sjúkrasvið HVE Stykkishólmi " 34
Systraskjól HVE Stykkishólmi " 34
Háls-og bakdeild Stykkishólmi " 35
Silfurtún Búðardal " 35

**Sjúkrasvið**
Umdæmissjúkrahús HVE Akranesi " 36
Handlækningadeild " 38
Lyflækningadeild " 40
Kvennadeild " 41
Göngudeild sérfræðilækna " 42
Dagdeild skurðdeildar " 43

**Heilbrigðisgagnadeild** " 46
**Upplýsingatæknideild** " 47

**Ársreikningur** " 48


Ábyrgð og verkefni
Framkvæmdastjóri fjármála
° Fjárhagsstjórn stofnunarinnar
° Launaskrifstofa
° Fjárhagsbókhald
° Innkaup og birgðahald
° Samningar
° Rafræn kerfi
° Símaþjónusta og móttökuritarar
° Eignaumsjón og búnaður
° Tengiliður við staðarumsjónaraðila
Framkvæmdastjóri hjúkrunar
° Hjúkrun
° Sviðsstjóri hjúkrunar í heilsugæslu
° Eldhús
° Ræstingar
° Þvottahús
° Gæðahandbók
° Næringarfræðingur
Framkvæmdastjóri lækninga
° Lækningar
° Sviðsstjóri lækninga í heilsugæslu
° Heilbrigðisgagnafræðingar
° Rannsóknir
° Myndgreining
° Lyfjafræðingur
° Sjúkraflutningar
° Endurhæfing
° Sjúkraskrárkerfi
° Sálfræðingar
Mannauðsstjóri
° Starfsmannastefna
° Mönnunaráætlanir
° Starfsþróun
° Starfslýsingar
° Samstarfsnefndir
° Jafnlaunakerfi
° Vinnuréttur
° Ráðningar / starfslok
° Kennsla/námskeið/fræðsla
° Nýliðaþjálfun
Sviðsstjórar í heilsugæslu
° Tengiliðir heilsugæslusviðs við framkvæmdastjórn
° Umsjón með faglegu starfi og þróun gæðamála
° Samræming þjónustu og verkferla
° Þróun og innleiðing nýjunga
° Veita framkvæmdastjórn faglega ráðgjöf og upplýsingar
° Eru faglegir talsmenn heilsugæslunnar
° Eru framkvæmdastjórn til fulltingis við ráðningu fagfólks á heilsugæslusviði
Staðarumsjón
° Samhæfing þjónustu á starfsstöð
° Umsjá með daglegri starfsemi á starfsstöð
° Dagleg umsjón mannauðs annars en þess er heyrir beint undir hjúkrun eða lækningar (móttökuritarar, húsverðir, ræsting á heilsugæslu)
° Búnaður og húsnæðismál
° Situr reglulega fundi með framkvæmdastjórn
° Upplýsingamiðlun til starfsmanna
° Ýmis verkefni að beiðni framkvæmda-stjórnar
Útg. 6. nóv. 2019

# *Skipurit HVE*



# *Stjórn og stjórnendur*

## Framkvæmdastjórn

| | |
|---|---|
| Forstjóri | Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir |
| Framkvæmdastjóri fjármála | Ásgeir Ásgeirsson |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Sigurður Einar Sigurðsson |
| Framkvæmdastjóri hjúkrunar | Hulda Gestsdóttir |
| Mannauðsstjóri | Sigurður Þór Sigursteinsson leysir af<br>Vilborg Lárusdóttir leyfi |

## Staðarumsjón

| | |
|---|---|
| Borgarnes | Oddný Eva Böðvarsdóttir |
| Búðardalur og Hólmavík | Jóhann Björn Arngrímsson |
| Grundarfjörður | Dagný Ósk Guðlaugsdóttir |
| Hvammstangi | Aldís Olga Jóhannesdóttir |
| Ólafsvík | Viktoría Sif Viðarsdóttir |
| Stykkishólmur | Hrefna Frímannsdóttir |
| Yfirlyfjafræðingur | Þór Oddsson |
| Yfirmaður húsnæðis og tækja | Halldór Hallgrímsson |

## Heilsugæslusvið

| | |
|---|---|
| HVE Akranes heilsugæsla | Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir<br>Aníta Eir Einarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur,<br>Ólöf Lilja Lárusdóttir leysti af til 1. september. |
| HVE Borgarnes heilsugæsla | Indriði E. Reynisson frá 1.október<br>Oddný Eva Böðvarsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur |
| HVE Búðardalur heilsugæsla | Þórður Ingólfsson yfirlæknir<br>Þórunn B. Einarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur |
| HVE Grundarfjörður heilsugæsla | Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur |
| HVE Hólmavík heilsugæsla | Jóhann Björn Arngímsson |
| HVE Hvammstangi heilsugæsla | Geir Karlsson yfirlæknir<br>Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur til 30.apríl,<br>Liljana Milenskoska yfirhjúkrunarfræðingur frá 1.maí. |
| HVE Ólafsvík heilsugæsla | Viktoría Sif Viðarsdóttir í leyfi yfirhjúkrunarfræðingur<br>Birna Dröfn Birgisdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur |
| HVE Stykkishólmur heilsugæsla | Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur |
| Deildarstjóri sjúkraflutninga | Þórður Guðnason |
| Yfirsálfræðingur | Emil Einarsson sálfræðingur |

## Hjúkrunarsvið HVE

| | |
|---|---|
| Hjúkrunardeild HVE Hólmavík | Sólveig Halldórsdóttir öldrunarsjúkraliði |
| Hjúkrunardeild HVE Hvammstanga | Guðrún Helga Marteinsdóttir deildarstjóri |
| Hjúkrunarheimilið Systraskjól Stykkishólmi | Þórný A. Baldursdóttir, deildarstjóri |
| Hjúkrunarheimilið Silfurtún Búðardal | Kristín G. Arnardóttir, deildarstjóri |

## Sjúkrasvið HVE Akranesi

| | |
|---|---|
| Afgreiðsludeild | Jóhanna Árnadóttir deildarstjóri |
| Eldhús | Bjarni Þór Ólafsson deildarstjóri |
| Endurhæfingardeild | Ingunn Viðarsdóttir deildarstjóri<br>Sigurður Þór Sigursteinsson deildarstjóri iðjuþjálfunar í leyfi<br>Elísabet Ósk Jónsdóttir iðjuþjálfi leysir af |
| Handlækningadeild | Fritz H. Berndsen yfirlæknir<br>Birna Katrín Hallsdóttir hjúkrunardeildarstjóri |
| Heilbrigðisupplýsingadeild | Eva Rós Sveinsdóttir deildarstjóri frá 1.júní<br>Guðrún Ingimarsdóttir leysti af til 31.maí |
| Kvennadeild | Katharina Schumacher yfirlæknir frá 1.september<br>Hrund Þórhallsdóttir yfirlæknir til 31.ágúst<br>Hrafnhildur Ólafsdóttir hjúkrunardeildarstjóri |
| Lyfjabúr | Þór Oddsson yfirlyfjafræðingur |
| Lyflækningadeild | Ingi Karl Reynisson yfirlæknir<br>Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri |
| Myndgreiningardeild | Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri og fagstjóri myndgreiningar á HVE |
| Rannsóknardeild | Guðmundur Bjarki Halldórsson deildarstjóri |
| Ræstingadeild | Anna Signý Árnadóttir deildarstjóri |
| Skurð– og svæfingadeild HVE Akranesi | Björn Gunnarsson yfirlæknir<br>Ingibjörg Indriðadóttir hjúkrunardeildarstjóri svæfingar í leyfi<br>Guðrún M. Halldórsdóttir leysir af<br>Snekkja Jóhannesdóttir hjúkrunardeildarstjóri á skurðstofu |
| Slysa– og göngudeild HVE Akranesi | Fritz H. Berndsen yfirlæknir<br>Elísabet Pálsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1.júní<br>Alda B. Gunnarsdóttir leysti af til 31.maí |
| Viðhalds– og tæknideild | Halldór Hallgrímsson deildarstjóri húsnæðis og tækja á HVE |

## Sjúkrasvið HVE Stykkishólmi

| | |
|---|---|
| Sjúkradeild | Þórný A. Baldursdóttir hjúkrunardeildarstjóri |
| Háls- og bakdeild, Endurhæfingardeild | Hrefna Frímannsdóttir yfirsjúkraþjálfari og fagstjóri endurhæfingar |

# *Frá forstjóra*



***Rekstur***

Viðvarandi áskorun er að tryggja lögbundna þjónustu innan þeirra fjárheimilda sem stofnuninni eru markaðar ásamt því að manna þjónustuna með réttum mannafla. Stærsta áskorun ársins 2024 var fjárheimild stofnunarinnar sem rekin var með 166,4 m.kr. rekstrarhalla eða 1,9%. Rekstrarhalli var hlutfallslega mestur á heilsugæslusviði að fjárhæð 125,7 m.kr. eða 4,2% og er að miklu leyti tilkominn vegna vanfjármögnunar sjúkraflutninga þar sem fjárheimildir hafa ekki fylgt vaxandi notkun þjónustunnar síðustu ár. Það jók einnig á rekstravandann að dregnar voru 70 m.kr. af launalið innan fjármögnunarlíkans á heilsugæslusviði HVE þegar vel var liðið á árið vegna þess sem nefnt var afstemming landsbyggðarlíkans. Um er að ræða varanlega lækkun sem kom til viðbótar 12 m.kr. hagræðingarkröfu sem HVE fékk á launalið heilsugæslunnar í fjárlögum ársins.

Fjárveitingar til reksturs hjúkrunarrýma á opinberum heilbrigðisstofnunum hafa verið í skoðun hjá stjórnvöldum um hríð og fengu stofnanir viðbótarfjármagn á árinu sem er vel og þannig tókst að reka hjúkrunarsvið HVE innan fjárheimilda. Viðbótarfjármagn er hins ekki tryggt í fjálögum ársins 2025. Á árinu náðust samlegðaráhrif í rekstri hjúkrunarheimilisins Systraskjóls og annarrar þjónustu á sjúkrasviði HVE í Stykkishólmi eins og vonir stóðu til með færslu hjúkrunarrýmanna í sameiginlegt húsnæði HVE undir lok árs 2023. HVE tók við rekstri hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal þann 1. janúar 2024 eftir að sveitarfélagið Dalabyggð sagði sig frá rekstrinum vegna langvarandi rekstrarvanda. Þar hefur verið mikill mönnunarvandi og gripið var til þess ráðs um mitt ár að fækka opnum rýmum tímabundið út frá mönnun og reiknaðri þörf hjúkrunarrýma í sveitarfélaginu.

Rekstrarhalli sjúkrasviðs nam 70,3 m.kr. eða  1,5% á árinu 2024.  Áfram var unnið að fjölgun liðskiptaaðgerða í átt að markmiðinu um 430 aðgerðir á ári. Þrátt fyrir áskoranir í mönnun skurðstofunnar tókst með samstillltu átaki metnaðarfulls teymis skurðstofu, handlækningadeildar og endurhæfingar að setja met í fjölda liðskiptaaðgerða. Það náðist að gera 401 aðgerð sem er tæp 11% aukning frá fyrra ári. Liðskiptaaðgerðir er ekki eini aðgerðaflokkurinn sem stytta þarf biðtíma eftir, það á m.a. við um ákveðnar kvensjúkdómaaðgerðir eins og leg- og blöðrusigsaðgerðir. Á árinu gerði HVE samning við Sjúkratryggingar Íslands um greiðslu fyrir að framkvæma 70 kvensjúkdómaaðgerðir umfram fastan árlegan aðgerðafjölda og náðist það markmið með samstilltu átaki starfsmanna skurðstofu og kvennadeildar. Fjárveitingar til sjúkrasviðs hafa fram til þessa reiknast af föstum fjárheimildum sem er hamlandi fyrir vaxandi umfang og möguleika þess að auka þjónustu eins og skurðaðgerðir og göngudeildarstarfsemi. Stjórnendur HVE leggja áherslu á að starfsemi sjúkrasviðs HVE geti á næsta ári orðið að hluta til fjármögnuð í gegnum samning um þjónustutengda fjármögnun (DRG) við Sjúkratryggingar Íslands líkt og er á Landspítala og SAk.

***Gæðamál***

Á árinu voru gæðamál sett í öndvegi í framhaldi af ákvörðun sem tekin var í lok síðasta árs um að efla og festa í sessi markvisst gæða- og umbótastarf með það að markmiði að HVE verði komið af stað í gæðavottunarferli í lok árs 2025.

Þetta er stórt langtíma verkefni sem miðar að því að gæða- og öryggisvitund verði tryggði á öllum stigum starfseminnar.  Í þessari ársskýrslu er sérstakur kafli um gæðamál sem lesa má um á bls. 10-11.

***Umhverfis- og loftslagsstefna***

Í september staðfesti framkvæmdastjórn HVE nýja umhverfis- og loftslagsstefnu. Hin nýja stefna tekur við af eldri umhverfisstefnu HVE frá 2012. Gert er ráð fyrir að stefnunni verði hrint í framkvæmd í samræmi við aðgerðaáætlun sem nú er í mótun á vegum umhverfisnefndar HVE.

# *Frá forstjóra*

***Klínískt starfsnám***

Um árabil hefur Heilbrigðisstofnun Vesturlands tekið þátt í klínísku starfsnámi heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir. Á árinu 2024 var tekin ákvörðun um að efla þátt HVE í klínísku starfsnámi og vinna að því að stofnunin verði viðurkennd kennslustofnun. Stór áfangi í því að efla HVE sem kennslustofnun náðist á árinu í kjölfar samþykktar mats- og hæfisnefndar þegar undirritaður var samstarfssamningur á milli Landspítala og HVE á Akranesi um sérnám í læknisfræði og kom fyrsti sérnámslæknirinn í bæklunarlækningum í námsstöðu haustið 2024. Fjárveiting hefur ekki verið sótt enn sem komið er en mikilvægt er að hún fáist á árinu 2025.
Þá hefur sjúkrahús HVE á Akranesi fengið heimild matsnefndar til að hafa sex sérnámsgrunnslækna á hverjum tíma í stað fjögurra. Til að HVE geti eflt klíníska kennslu nema á HVE þarf fjármagn og besta leiðin til að tryggja það væri að taka upp nýtt fyrirkomulag sem byggir á að fjármagn fylgi nemum þangað sem þeir fara, þann tíma sem þeir dvelja á stofnun hvort sem um grunnám eða framhaldsnám er að ræða.

***Mannauður***

Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind hverrar stofnunar og því eru mannauðsmál áhersluþáttur sem mun fá meira vægi á næstu árum þar sem starfsánægja og gott starfsumhverfi eru lykilþættir. Á árinu voru ársfjórðungslegar starfsánægjukannanir í umsjá mannauðsstjóra festar í sessi en niðurstöður slíkra kannana gefa stjórnendum mikilvægar upplýsingar og tækifæri til úrbóta. Auk þess hafa verið tekin fyrstu skrefin í innleiðingu á rafrænu fræðslukerfi fyrir starfsfólk þar sem hægt verður að klæðskerasníða fræðslu fyrir einstaklinga eða hópa.

Fleiri þættir sem tengjast mannauðsmálum eru í undirbúningi og áfram er unnið að því að tryggja aðlaðandi og öruggt umhverfi fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Meira má lesa um mannauðsmál á bls. 12-14.

Starfsemin var öflug á árinu og heldur áfram að vaxa og dafna. Ég vil þakka öllum starfsmönnum og stjórnendum HVE fyrir góð störf og samvinnu en ekki síður fyrir sveigjanleika og metnað fyrir hönd stofnunarinnar á árinu í þeim fjölbreyttu viðfangsefnum sem starfseminni fylgja.
Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs á næsta ári og hvet alla starfsmenn og stjórnendur til að hafa gildi stofnunarinnar að leiðarljósi við dagleg störf í vegferðinni sem framundan er við að gera góða stofnun enn betri.

***Starfsánægjukannanir***

Innleiðing og þróun reglubundinna starfsánægjukannana hófst síðla árs 2023 undir styrkri forystu Sigurðar Þórs Sigursteinssonar mannauðsstjóra. Sérstaklega er unnið með niðurstöður einstakra deilda sem gefur millistjórnendum tækifæri til umbóta í nærumhverfi starfsmanna ásamt því að starfsmenn geta komið á framfæri nafnlausum ábendingum sem mannauðstjóri vinnur með. Tilgangurinn með ársfjórðungslegum starfsánægjukönnunum er að stuðla að aukinni starfsánægju og gera góðan vinnustað enn betri.

Jóhanna F. Jóhannesdóttir, forstjóri HVE

**Gildi HVE: Virðing- Traust - Fagmennka**

# Gæðamál

***Gæðamál í öndvegi***
Í lok árs 2023 var tekin ákvörðun um að efla og festa í sessi markvisst gæða- og umbótastarf með það að markmiði að HVE verði komið af stað í gæðavottunarferli í lok árs 2025. Fyrsta skrefið var umbótaáætlun fyrir heilsugæslusvið sem unnið er eftir. Haldinn var Gæðadagur HVE í febrúar 2024 þar sem góðir gestir fluttu erindi m.a. Alma D. Möller landlæknir og Ólöf Elsa Björnsdóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis sem fjölluðu um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og Hannes Bjarnasons gæða- og upplýsingaöryggisstjóri á SAk sagði frá skipulagi gæðamála á SAk.

***Gæðastjóri***
Á vormánuðum var auglýst eftir gæðastjóra í nýtt starf til að leiða gæða- og umbótastarf á HVE og var Garðar Jónsson ráðinn í stöðuna frá 1. júlí. Garðar er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í altækri gæðastjórnun. Hann hefur áratuga reynslu af stjórnunarráðgjöf og innleiðingu gæðastjórnunarkerfa og er jafnframt vottaður ISO 9001 Lead Auditor og viðurkenndur leiðbeinandi á slíkum námskeiðum á alþjóðavísu.

***Alþjóðlegur gæðastaðall og gæðastefna***
Eftir að gæðastjóri kom til starfa hófst undirbúningur að nýrri gæðastefnu fyrir HVE sem var samþykkt í framkvæmdastjórn HVE þann 4. september. Um er að ræða metnaðarfulla stefnu í gæðamálum sem verður innleidd með markvissum hætti í áföngum með það að markmiði að gæða- og öryggisvitund verði tryggð á öllum stigum þjónustunnar. Gæðastefnan tekur mið af kröfum hins nýja alþjóðlega gæðastjórnunarstaðals ISO 7101:2023 gæðastjórnun í heilbrigðisþjónustu sem framkvæmdastjórn HVE hefur ákveðið að vinna eftir. Gæðastefnan byggir á eftirtöldum átta lykilþáttum sem í gæðastefnunni eru nefndir öndvegisþættir:




- Öryggi
- Notendamiðuð þjónusta
- Samkennd
- Skilvirk og hagkvæm
- Þekking
- Vinnuvernd
- Árangur
- Stöðugar umbætur

***HVE hlaut gæðastyrk***
HVE hlaut styrk úr minningarsjóði Bergþóru Magnúsdóttur og Jakobs Bjarnasonar. Minningarsjóðurinn er í umsjón Embættis landlæknis og úr honum eru veittir styrkir til verkefna sem ætlað er að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu. Hámarksstyrkveiting til einstakra verkefna eru 3,0 m.kr. og hlaut HVE 2.750.000 kr. styrk til þýðingar á alþjóðlega staðlinum ISO 7101 um gæðastjórnun í heilbrigðisþjónustu en hann var gefinn út árið 2023 og einvörðungu er nú tiltækur á ensku. Styrkurinn var afhentur við lok málþings um sjúklingaöryggi sem haldið var 17. september. Það var Alma D. Möller, landlæknir, sem afhenti styrkinn forstjóra HVE. Stjórnendur eru bæði stoltir og þakklátir fyrir þennan styrk sem er hvatning í vegferðinni sem framundan er á sviði gæða- og öryggismála.
Í lok september var gengið frá samningi við Staðlaráð Íslands um þýðingu á alþjóðlega staðlinum ISO 7101 yfir á íslensku. Þýðingunni er stýrt af Staðlaráði sem jafnframt fer með ritstjórn útgáfunnar en HVE á þrjá fulltrúa í vinnuhópi sem sér um þýðinguna og ráðgert er að ljúki vorið 2025.



# Gæðamál

***Stýring gæðastjórnunarmála og gæðatenglar***

Í framhaldi af samþykkt gæðastefnu í september var auglýst eftir áhugasömum starfsmönnum til að sinna hlutverki gæðatengla í störfum sínum sem síðan myndar teymi undir forystu gæðastjóra. Þetta er mikilvægur þáttur til að styðja árangursríka innleiðingu gæðastefnunnar og skapa gæðamenningu í allri starfseminni. Hlutverk gæðatengla er m.a.

- Aðstoða og veita upplýsingar til starfsmanna um gæðamál.
- Umsjón með skráningu gæðaskjala, að gæðaskjöl fari í gegnum samþykktarferli og þau gefin út.
- Hvetja til umbótaverkefna.
- Þátttaka í sameiginlegri umræðu um gæðamál HVE

Líkt og í öðrum stjórnunarstöðlum gerir ISO 7101 ráð fyrir að æðstu stjórnendur sýni forystu og skuldbindi sig til að koma á og viðhalda gæðstjórnunarkerfinu. Framkvæmdastjórn HVE hefur tekið þessa forystu eins og ætlast er til. Ráðning gæðastjóra, samþykkt gæðastefnunnar og virkjun gæðatengla er dæmi um forystu og skuldbindingu framkvæmdastjórnar HVE. Saman myndar framkvæmdastjórn og mannauðsstjóri svonefnt gæðaráð sem er gæðastjóra til stuðnings við framkvæmd gæðastjórnunarmála innan HVE.

***Þjónustukannanir***

Í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og sem eitt af skrefunum í metnaðarfullu gæðastarfi setti framkvæmdastjórn það markmið að koma á reglubundnum þjónustukönnunum á legu- og hjúkrunardeildum á árinu 2024. Tilgangurinn með þjónustukönnunum er að fá fram viðhorf og ánægju notenda með þjónustuna og greina tækifæri til umbóta á þjónustunni. Ákveðið var að nýta þjónustukönnun ríkisins sem hafði verið í undirbúningi um tíma fyrir stofnanir ríkisins. Útfærslan byggir á sjálfvirkni og felst í því að notaður er QR kóði og spurningarnar eru á þremur tungumálum (ísl., enska og pólska) og svörin eru ópersónugreinanleg. Aðstandendur geta jafnframt svarað könnuninni sem kemur sér vel í þeim tilvikum þegar sjúklingur getur ekki nýtt þessa aðferð. Þjónustukönnunin fór af stað 1. nóvember og birtast niðurstöður fyrir hverja deild í mælaborði sem gæðastjóri HVE hefur umsjón með.
HVE hefur nýtt sér þjónustukönnun á heilsugæslustöðvum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa séð um. Þetta árið féll könnunin því miður niður en mun vera á dagskrá vorið 2025.




Niðurstöður þjónustukönnunarinnar á legu- og hjúkrunardeildum HVE frá því hún hófst 1. nóvember og fram til ársloka sýna að almenn ánægja er meðal þátttakenda með þjónustu þessara eininga á HVE. Hér að neðan eru niðurstöður er varðar spurninguna „Á heildina litið, hversu góð eða slæm finnst þér þjónustan". Svarað er á skalanum 1 – 5, þannig: Mjög góð (5), frekar góð (4), hvorki né (3), frekar slæm (2), mjög slæm (1). Að meðaltali gáfu þátttakendur þjónustunni 4,5 af 5 mögulegum á þessu tveggja mánaða tímabili. Ánægjan jókst á milli mánaða, þ.e. frá nóvember til desember og þjónusta HVE í samanburði við aðrar stofnanir ríkisins er jákvæður, þ.e. 4,5 á móti 4,1.



# *Mannauðsmál*

## Mannauður

Heilbrigðisstofnun Vesturlands hélt úti öflugri starfsemi á árinu 2024.

Á þeim átta starfsstöðvum sem stofnunin er með voru verkefnin mörg og fjölbreytt, bæði er snéru að mönnun og almennum verkefnum.

Starfsfólkið er fjölbreytt að bakgrunni og menntun og gegnir lykilhlutverki í að tryggja öfluga og örugga heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa Vesturlands. Fjöldi starfseininga, dreifing landsvæðis og breytileiki í þjónustu kalla á sveigjanleika, fagmennsku og þverfaglega samvinnu – og þar hefur mannauðurinn sannað gildi sitt enn á ný.

Á árinu var unnið að ýmsum umbótaverkefnum í mannauðsmálum með áherslu m.a. á starfsánægju, gæðamál, fræðslukerfi auk innleiðingar rafrænna lausna, og markvissa móttöku nýrra starfsmanna. Þessi verkefni eru áfram í vinnslu og stefnt að því að innleiða og koma í gang á árinu 2025.

Með því að styðja við starfsfólkið í daglegum störfum, efla menntunartækifæri og hlúa að góðum starfsanda leggur stofnunin grunn að stöðugri þjónustu og öflugri framtíðarsýn.

## Starfsmannafjöldi

- Heildarfjöldi starfsmanna var 499 í 334,1 stöðugildi, 370 (77%) konur og 62 karlar (23%).
- Auk þess starfa 67 sjúkraflutningamenn í tímavinnu, 55 karlar og 12 konur.
- Á heilsugæslusviði eru 113 starfsmenn í 84,27 stöðugildum
- Á hjúkrunarsviði eru 85 starfsmenn í 72,26 stöðugildum
- Á sjúkrasviði eru 234 starfsmenn í 177.57 stöðugildum Áfram var lögð áhersla á að tryggja nægjanlegt og hæft starfsfólk í öllum deildum og þjónustuþáttum stofnunarinnar.

## Starfsmannavelta

Starfsmannavelta var 4.8% árið 2024 jókst lítillega frá fyrra ári, en árið 2023 var hún 4.5%.

## Veikindahlutfall

Veikindahlutfallið árið 2024 var 6.0%, samanborið við 6.3% árið 2023.

## Mannauðsverkefni ársins

Á árinu 2024 voru ýmis verkefni unnin með það að markmiði að efla starfsumhverfi, stuðla að vellíðan og styðja við fagmennsku í starfi.

Sum af þessum verkefnum eru komin í gang á meðan önnur eru ennþá í vinnslu og á eftir að kynna og innleiða.

Má þar nefna:

- Fræðsluáætlun í gegnum Vinnustaðaskóli Akademias
- Viðverustefna HVE
- Móttaka nýrra starfsmanna – skýrt verklag, fræðsla og kynningar
- Starfsþróunarsamtöl
- Starfsmannasamtöl
- Aukin skilvirkni og sjálfvirknivæðing í skráningu og ferlum er varða m.a, nýja starfsmenn.

HVE mun halda áfram að stuðla að því að taka þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.

# Mannauðsmál

## Starfsánægja – Moodup púlsmælingar

Árið 2024 var haldið áfram með að vera með reglulegar mælingar varðandi starfsánægju í gegnum Moodup púlsmælingar.

Það voru 4 mælingar á árinu og starfsánægja árið 2024 mældist 7,3 (af 10) samanborið við 7,4 árið 2023. Svarhlutfallið var 78% samanborið við 83% árið 2023.

Þessar kannanir hafa gefið HVE tækifæri til að skilgreina betur styrkleika og veikleika er snúa að ýmsum þáttum í starfseminni sem ýta undir að starfsmönnum líði vel í starfi. Í heildina hafa borist 153 endurgjafir, en það eru ábendingar sem starfsmenn geta komið með undir nafnleynd. Þessar endurgjafir eru mjög mikilvægar og þannig fá starfsmenn tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri um þau málefni sem brenna helst á þeim.

Hér að neðan sjáum við yfirlit yfir þá drifkrafta sem mældir eru og hvernig þeir komu út árið 2024.



# *Mannauðsmál*

***Starfsmenn kvaddir***

Í júní bauð framkvæmdastjórn 12 starfsmönnum ásamt mökum til samverustundar á Akranesi. Þessir starfsmenn áttu það sameiginlegt að hafa látið af störfum á stofnuninni sl. tvö ár sökum aldurs eða voru að láta af störfum og áttu að baki langan starfsaldur við stofnunina. Átta starfsmenn sáu sér fært að mæta. Samanlagt áttu þessir 12 starfsmenn um 370 starfsár að baki á stofnuninni. Í hópnum voru starfsmenn sem hafa átt farsælt samfellt starf frá 18 ára aldri og starfsaldur spannaði frá 12 árum upp í rúm 50 ár.
Það eru ekki margir sem ná 50 ára starfsaldri en þeim áfanga náði Jónsína Ólafsdóttir sjúkraliði í október 2023. Rósa Mýrdal heilbrigðisgagnafræðingur var stutt frá því að ná þessum áfanga en hún starfaði í 48 ár

Starfsmönnum var færður þakklætisvottur frá stofnuninni og forstjóri þakkaði þeim fyrir framúrskarandi störf, traust og tryggð við vinnustaðinn um árabil og óskað þeim velfarnaðar.

***Nöfn starfsmanna:***

Dagrún Dagbjartsdóttir, Akranesi
Gréta B. Jósefsdóttir, Hvammstanga
Halldóra K. Guðmundsdóttir, Akranesi
Helga Hreiðarsdóttir, Hvammstanga
Helga Þórný Albertsdóttir, Akranesi
Ingibjörg E. Óskardóttir, Akranesi
Jóhanna J. Guðbrandsdóttir, Stykkishólmi
Jón Ingvar Ragnarsson, Akranesi
Jónsína Ólafsdóttir, Akranesi
Rósa Marinósdóttir, Borgarnesi
Rósa Mýrdal Einarsdóttir, Akranesi
Svanhildur Jónsdóttir, Stykkishólmi



***Arctic Vesturland***

Dagana 23. -25.maí var haldið kennslu og fræðslunámskeið á Vesturlandi fyrir 70 manns sem hluti af sérnámi í heimilislækningum. Fjórir sérnámslæknar innan vébanda HVE áttu veg og vanda að skipulagningu og HVE styrkti framkvæmdina. Sérnámslæknarnir stoppuðu við á Akranesi og fengu kynningu á starfseminni og þáðu hádegismat. Leiðin lá svo í Stykkishólm þar sem vinnubúðirnar fóru fram þann 24.maí. Þær fjölluðu um öndunarvegaraðstoð, liðskoðun, ortopedísk medicin, húðbreytingar og húðsjá auk þess sem hópurinn fékk kynningu á starfsemi Háls-og bakdeildar.

***Sérnám lækna í bæklunarlækningum***

HVE var á árinu viðurkennd sem kennslustofnun til að annast sérnám lækna í bæklunarlækningum, í samvinnu við bæklunarlækningar á Landspítala. Undirbúningur þessa átti sér nokkurn aðdraganda og fór af stað að frumkvæði Sverris Þórs Kiernan yfirlæknis bæklunarlækninga á HVE fljótlega eftir að hann hóf störf. Vorið 2024 var sent formlegt erindi til mats- og hæfisnefndar um sérnám lækna undir heitinu: „Lýsing á starfsnámi sérnámslækna í bæklunarlækningum á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), Akranesi“ og var að mestu unnið af Eyþóri E. Jónssyni, kennslustjóra bæklunarlækninga á Landspítala, Halldóri Reyni Bergvinssyni bæklunarlækni á HVE á Akranesi og Gunnari Thorarensen, yfirlækni sérnáms á Landspítala. Mats- og hæfisnefnd brást vel við erindinu og gerði úttekt á starfsemi bæklunarlækninga á HVE sem fór fram á Akranesi 30. maí 2024.
Það var síðan þann 28.júní sem tilkynning barst frá HRN um að mats- og hæfisnefnd um sérnám lækna veiti bæklunarlækningum á HVE viðurkenningu sem kennslusérgrein og kennsludeild, í samvinnu við bæklunarlækningar á Landspítala. Viðurkenningin tók gildi þann 1. ágúst 2024 og kom fyrsti sérnámslæknirinn strax í september.
Þetta er stór áfangi sem stofnunin fagnar og liður í því að efla og styrkja hlutverk HVE sem kennslustofnunar enn frekar. Þakkir fá Sverrir Þór Kiernan yfirlæknir bæklunarlækninga, Halldór Reynir Bergvinsson bæklunarlæknir og Sigurði E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga fyrir vinnu við undirbúning og að koma þessum samningi á.

# *Mannauðsmál*





















# Húsnæði og tækjabúnaður á HVE

***Tækjabúnaður***

Eitt af áhersluatriðum framkvæmdastjórnar hefur verið að bæta tækjabúnað stofnunarinnar. Nokkuð vel hefur miðað í því verkefni undanfarin ár og ber að þakka það hækkuðum árlegu fjárfestingarframlagi sem fæst á fjárlögum og gjöfum frá velunnurum stofnunarinnar. Á árinu fékk HVE 46,7 m.kr í fjárfestingarframlag sem skiptist þannig að heilsugæslusvið fékk 4,2 m.kr., hjúkrunarsvið fékk 1,3 m.kr. og sjúkrasviðið þar sem starfsemin kallar á flóknasta og dýrasta búnaðinn fékk stærsta hluta framlagsins eða 41,2 m.kr.
Í október náðist stór áfangi þegar nýtt tölvusneiðmyndartæki (CT tæki) var tekið í notkun á myndgreiningardeild HVE. Um er að ræða tæki sem er mun fullkomnara og fljótvirkara en eldra tækið sem var frá árinu 2015 en eðlilegur líftími þess var liðinn. Nýja tækið gefur möguleika á fleiri rannsóknum en það gamla og sparar ferðir til rannsókna í Reykjavík. Heilbrigðisráðuneytið veitti HVE fjármagn fyrir 85% af kostnaði við tækjakaupin en restina þarf stofnunin að fjármagna af sínu árlega fjárfestingarframlagi. Ekki er hægt að reka myndgreiningadeild án CT tækis því þeim rannsóknum fer fjölgandi og má geta þess að milli áranna 2022 og 2023 varð 14,2% aukning rannsókna og milli áranna 2023 og 2024 varð aukningin 6,3%.



***Húsnæði og endurbætur***

Endurbætur á húsnæði hefur verið eitt af stóru áhersluatriðum framkvæmdastjórnar síðustu ár og þar hefur margt áunnist. HVE leigir megnið af húsnæðinu undir starfsemina af ríkinu og á í samstarfi við FSRE sem sér um fasteignir ríkisins og stýrir framkvæmdum við breytingar, endurbætur og nýbyggingar.
Ekki tókst að koma af stað framkvæmdum á brýnum endurbótum sem verið hefur forgangsverkefni síðustu ár og felast í auknu rými fyrir slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúss HVE á Akranesi ásamt flutningi göngu- og speglanadeildar frá slysadeildinni á annan stað innanhúss. Núverandi aðstaða er óboðleg og þrengslin hafa leitt til þess að fækka hefur þurft meltingarfæraspeglum. Í lok árs 2024 er staðan sú að búið er að ganga frá teikningum en ekki er komin tímasetning á útboð. Stjórnendur leggja áherslu á útboð fari af stað sem allra fyrst.

Komið er að endurbótum á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi sem var opnuð árið 1976. Húsnæðið rúmar starfsemina ágætlega ennþá þrátt fyrir fjölgun verkefna. Innréttingar eru að mestu í upprunalegri mynd og kominn tími á endurbætur og endurskoðun á notkun rýma. Endurbætur eru komnar á dagskrá og var fyrsta skrefið í undirbúningi tekið í vor þegar FSRE fól hönnuði að hefja vinnu í samráði við starfsmenn heilsugæslunnar þar sem verkefnið er að skoða öll rými m.t.t. skipulags og endurhönnunar.
Enn er beðið eftir að innrétting gistirýmis á 4.hæð HVE í Stykkishólmi fyrir skjólstæðinga háls- og bakdeildar komist af stað en auk þess eru endurbætur á heilsugæslustöðvunum í Grundarfriði og í Ólafsvík einnig á dagskrá.
Í júlí var undirrituð viljayfirlýsing milli Akraneskaupstaðar, fjármálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um uppbyggingu sem Akraneskaupstaður hyggst fara í á svokölluðum Sementsreit. Hugmyndin er að í hluta þess nýja húsnæðis sem áformað er að reisa verði aðstaða sem ríkið geti leigt fyrir sínar stofnanir m.a. heilsugæslustöð. Akraneskaupstaður er stækkandi og þegar núverandi húsnæði heilsugæslunnar sem er um 650 m$^2$ og tekið var í notkun árið 1992 voru íbúar á þjónustusvæði stöðvarinnar um 5.100. Síðan þá hefur íbúum fjölgað verulega auk þess sem verkefnum sem heilsugæslu er falið að sinna hefur fjölgað s.s. hjúkrunarmóttaka, sálfræðiþjónusta og geðheilsuteymi. Með síðustu breytingum sem gerðar voru á húsnæði heilsugæslunnar og færslu heimahjúkrunar á annan stað er búið að ná því sem hægt er út úr þeim fermetrum sem þar eru. Þrátt fyrir þetta vantar rými og nýlega var gripið til þess ráðs að leigja húsnæði utan stofnunar fyrir geðheilsuteymið.

# Nefndir og ráð á HVE

***Fagráð HVE***



Endurskipað var í Fagráð HVE sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð nr. 1111/2020 sem kveður á um að hafa beri þverfaglegt fagráð innan heilbrigðisstofnana.
Fagráðið er skipað sex fulltrúum heilbrigðisstarfsmanna til þriggja ára í senn. Við skipan er tekið mið af skiptingu milli kynja, dreifingu um starfssvæðið og skiptingu milli heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviðs.
Úr fagráðinu gengu þrír af sex, þau Katharina Schumacher læknir, Pétur Ingi Jónsson lífeindafræðingur og Ragnheiður Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir góð störf. Í fagráðinu sitja nú Inga Lilja Sigmarsdóttir sjúkraliði, Lucia M de Korte sjúkraþjálfari, Sverrir Þór Kiernan bæklunarlæknir , Lára Guðríður Guðgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur og Þorvaldur Hjaltason sjúkraflutningamaður.

### *Farsældardagurinn á Vesturlandi*



Farsældardagurinn á Vesturlandi var haldinn í Borgarnesi þann 16. maí og var það í fyrsta sinn sem slíkur dagur var haldinn. Þar kom saman fjölmennur hópur framlínufólks í farsældarþjónustu fyrir börn og ungmenni á Vesturlandi og má nefna tengiliði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, HVE, fólk úr frístunda- og íþróttastarfi og skólastjórnendur.
Markmið Farsældardagsins var að styrkja tengslanet og þekkingu aðila sem koma að farsæld barna og ungmenna. Þar var m.a. vinnufundar um eflingu farsældar á Vesturlandi og útkoma þeirrar vinnu mun nýtast í ákvarðanatöku við innleiðingu farsældarlaga á Vesturlandi. Viðburðurinn var liður í áhersluverkefni Sóknaráætlunnar Vesturlands sem ber heitið Farsæld á Vesturlandi og miðast við að efla velferð barna og ungmenna á Vesturlandi.
Fulltrúar HVE á farsældardeginum voru hjúkrunarfræðingarnir Dagný Ósk Guðlaugsdóttir, Íris Björg Jónsdóttir og Heiða María Elvarsdóttir. Samkvæmt lögunum er hlutverk heilsugæslu að skipa tengiliði frá meðgöngu/fæðingu þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla en þá tekur tengiliður frá skóla við.

### *Gott að eldast*

Í október undirrituðu forstjóri HVE og Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri Húnaþings vestra samning um rekstur samþættrar heimaþjónustu fyrir aldraða milli Húnaþings vestra og HVE. Samningurinn byggir á þátttöku í þróunarverkefni stjórnvalda „Gott að eldast“ sem samþykkt var á Alþingi þann 10. maí 2023.



Markmið samnings er að veita heildræna og skilvirka samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu við fólk í heimahúsi og þannig stuðla að öruggri búsetu eldra fólks sem lengst heima, við sem eðlilegastar aðstæður.
Undirbúningur hafði staðið yfir í tæpt ár og fulltrúar HVE og Húnaþings vestra hafa unnið mjög gott starf þar sem horft er á verkefnið út frá nýjum áherslum. Vegna þess hve vel hefur gengið með verkefnið á Hvammstanga var þeim falið að prófa nýtt mælitæki (WHODAS) til að meta þörf einstaklinga fyrir heimaþjónustu.
Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2025 og mun HVE sjá um rekstur þjónustunnar. Samningurinn gildir til 31. desember 2027 og verður endurskoðaður árlega í samræmi við þróun þjónustunnar og þarfir eldri borgara í Húnaþingi vestra. Sesselja Kristín Eggertsdóttir hjúkrunarfræðingur á Hvammstanga og Henrike Wappler félagsráðgjafi hjá Húnaþingi vestra hafa átt veg og vanda að þessu verkefni og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir undirbúning og lausnarmiðað starf. Á öðrum stöðum innan HVE er undirbúningur við samþætta heimaþjónustu í gangi.

# Samstarf

***Öruggara Vesturland/ Vestfirðir/Norðurland vestra***
HVE er þátttakandi í verkefninu Öruggara Vesturland/Vestfirðir/Norðavesturland, gegn ofbeldi og öðrum afbrotum sem sett var af stað undir forystu embættis ríkislögreglustjóra. Þar sem þrjú lögregluumdæmi eru á starfssvæði HVE undirritaði stofnunin þrjár samstarfsyfirlýsingar. Fjölmennasta undirritunin fór fram á Farsældardegi Vesturlands þar sem 22 aðilar undirrituðu samstarfsyfirlýsingu en þetta voru fulltrúar lögreglustjórans á Vesturlandi, sveitarfélaganna, HVE, íþróttafélaganna, framhaldsskólanna og sýslumannsins á Vesturlandi.

***Samstarf á sviði endurhæfingar***
Í október var undirritaður samningur um samstarf á sviði endurhæfingar þvert á stofnanir á landsvísu. Aðilar að samningnum eru Trygginastofnun, félagsþjónusta sveitarfélaga, VIRK starfsendurhæfingarsjóður, Vinnumálastofnun og heilsugæslustöðvar, þ.m.t. heilsugæslustöðvar HVE. Markmiðið er að tryggja og formfesta samstarf um endurhæfingu og framfærslu einstaklinga meðan á endurhæfingu stendur. Samhæfingarteymi verða sett á fót og þar verður Elísabet Ósk Jónsdóttir iðjuþjálfi tengiliður HVE. Samningurinn tekur gildi 1. september 2025 þegar umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu taka gildi.



***Samþætting þjónustu heilsugæslustöðvanna í Grundarfirði og Ólafsvík***
Í maí hittust starfsmenn heilsugæslustöðvanna í Grundarfirði og Ólafsvík á sínum fyrsta sameiginlega fundi með framkvæmdastjórn HVE til að ræða starfsemi, samvinnu og þjónustu heilsugæslunnar á svæðinu til framtíðar sem er í undirbúningi. Annar fundur var síðan haldinn með starfsmönnum síðla árs.

***Stafrænar lausnir***
Stjórnvöld leggja áherslu á að ríkisstofnanir nýti það sem Stafrænt Ísland hefur upp á að bjóða til að auka framboð stafrænnar þjónustu og horft er til þess að notendur geti leitað eftir upplýsingum um opinbera þjónustu á einum stað.
Í febrúar tók HVE nýtt skref í samvinnu við Stafrænt Íslandi með því að innleiða stafrænt pósthólf á island.is sem felur í sér að allir reikningar eru nú sendir rafrænt og útsendingu reikninga og greiðsluseðla á pappírsformi var þar með hætt. Auk þess tekur stofnunin við skjölum frá opinberum aðilum í gegnum stafræna pósthólfið.
Þá var á árinu sett upp nýtt kerfi fyrir matarskráningar í mötuneytum HVE til einföldunar og aukinnar sjálfvirkni en eldra kerfi kallaði á töluvert utanumhald launafulltrúa.

# Heilsugæslusvið HVE

***Heilsugæslusvið***
Hlutverk heilsugæslusviðs er að veita læknis-, hjúkrunar- og geðheilbrigðisþjónustu, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og starfrækja geðheilsuteymi sem sinnir annars stigs heilbrigðisþjónustu.
HVE er ein þriggja opinberra heilbrigðisstofnana sem annast alfarið rekstur sjúkraflutninga innan svæðis en þjónustan fellur almennt fellur utan kjarnastarfsemi heilsugæslustöðva.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2024

**2024**

| | Akranes heilsug. | Borgarnes heilsug. | Búðard. heilsug. | Grundarfj. heilsug | Hólmav heilsug | Hvammst heilsug | Ólafsvík heilsug | Stykkish heilsug | Samtals allir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bein samskipti við sjúklinga:** | | | | | | | | | |
| Símtöl | 17.077 | 9.013 | 2.408 | 2.260 | 1.420 | 4.815 | 4.427 | 3.495 | **44.915** |
| VERA lyfseðlar | 11.846 | 4.572 | 991 | 1.085 | 641 | 1.283 | 2.319 | 1.642 | **24.379** |
| Viðtöl | 24.944 | 11.873 | 2.975 | 2.887 | 1.895 | 3.595 | 3.761 | 3.469 | **55.399** |
| Vitjun | 317 | 249 | 127 | 81 | 27 | 78 | 162 | 55 | **1.096** |
| **Heildarfjöldi:** | **54.184** | **25.707** | **6.501** | **6.313** | **3.983** | **9.771** | **10.669** | **8.661** | **125.789** |
| **Heildarfjöldi skráðra samskipta** | | | | | | | | | |
| Karlar | 24.937 | 13.040 | 3.089 | 3.048 | 2.243 | 4.919 | 5.408 | 4.404 | **61.088** |
| Konur | 38.450 | 17.220 | 4.229 | 3.910 | 2.380 | 7.254 | 6.948 | 5.781 | **86.172** |
| Kynsegin/ekki skráð | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | **0*** |
| **Samtals:** | **63.387** | **30.260** | **7.318** | **6.958** | **4.623** | **12.173** | **12.356** | **10.185** | **147.260** |

**2023**

| | Akranes heilsug. | Borgarnes heilsug. | Búðard. heilsug. | Grundarfj. heilsug | Hólmav heilsug | Hvammst heilsug | Ólafsvík heilsug | Stykkish heilsug | Samtals allir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bein samskipti við sjúklinga:** | | | | | | | | | |
| Símtöl | 19.921 | 11.127 | 2.588 | 2.958 | 1.618 | 4.865 | 4.605 | 3.952 | **51.634** |
| VERA lyfseðlar | 10.785 | 4.022 | 836 | 1.245 | 628 | 1.097 | 2.103 | 1.522 | **22.238** |
| Viðtöl | 22.689 | 10.880 | 3.200 | 3.151 | 1.983 | 3.349 | 3.745 | 3.275 | **52.272** |
| Vitjun | 329 | 243 | 173 | 91 | 50 | 60 | 94 | 110 | **1.150** |
| **Heildarfjöldi:** | **53.724** | **26.272** | **6.797** | **7.445** | **4.279** | **9.371** | **10.547** | **8.859** | **127.294** |
| **Heildarfjöldi skráðra samskipta** | | | | | | | | | |
| Karlar | 24.057 | 12.825 | 3.121 | 3.348 | 2.444 | 4.545 | 5.666 | 4.379 | **60.385** |
| Konur | 35.659 | 16.870 | 4.507 | 4.861 | 2.396 | 6.359 | 6.676 | 5.922 | **83.250** |
| Kynsegin/ekki skráð | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | 0* | **0*** |
| **Samtals:** | **59.734** | **29.718** | **7.628** | **8.209** | **4.840** | **10.922** | **12.342** | **10.301** | **143.635** |

# *Heilsugæslusvið HVE*

## Fjöldi skráðra í þjónustu á heilsugæslustöðvum HVE og íbúafjöldi í árslok

| Starfsstöð | Fjöldi skráðra á heilsugæslustöð | Hlutfall skráðra | | Fjöldi íbúa | Hlutfall íbúa |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilsugæslan Akranesi | 8.891 | 47% | | 9.045 | 46% |
| Heilsugæslan Borgarnesi | 3.939 | 21% | | 4.167 | 21% |
| Heilsugæslan Búðardal | 798 | 4% | | 891 | 5% |
| Heilsugæslan Grundarfirði og Ólafsvík | 2.346 | 12% | | 2.495 | 13% |
| Heilsugæslan Hólmavík | 478 | 3% | | 580 | 3% |
| Heilsugæslan Hvammstanga | 1.187 | 6% | | 1.203 | 6% |
| Heilsugæslan Stykkishólmi | 1.267 | 7% | | 1.285 | 6% |
| **Alls:** | **18.906** | **100%** | | **19.790** | **100%** |

***1700 símaráðgjöf***

Frá miðju ári 2023 hefur verið unnið að því að bæta og samþætta þjónustu og ráðgjöf vegna veikinda og bráðra erinda með símaráðgjöf í síma 1700 sem Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) sér um að svara.

Reynslan af símaráðgjöf 1700 sýnir að með sérþjálfuðu starfsfólki er hægt að leysa úr stórum hluta fyrirspurna með ráðgjöf í síma og netspjalli. Þann 16. maí var stigið stórt skref á heilsugæslustöðvum HVE í frekar þróun í samvinnu við Upplýsingamiðstöð HH þar sem verklagið byggir á því að bráð erindi er flokkuð í gegnum síma 1700 og á netspjalli Heilsuveru fyrir komu á stöð. 1700 kemur erindum í réttan farveg innan heilsugæslustöðva HVE og þau sem þurfa, fá þá tíma samdægurs eða daginn eftir. Með þessu er verið að tryggja rétta þjónustu á réttum stað og réttum tíma. Þá sparar þetta fyrirkomulag skjólstæðingum tíma þar sem hægt er að fá upplýsingar og ráðgjöf strax í stað þess að mæta beint á staðinn. Hægt er að hringja í 1700 allan sólarhringinn og að auki er netspjall opið frá 8:00 til 22:00 alla daga vikunnar.

Þessa þjónustu hafa einstaklingar á starfsssvæði HVE nýtt sér í vaxandi mæli.




*Heildarfjöldi samskipta var 13.086*


Mæðraskoðun
2600
2400
2200
2000
1800
1600
1400
1200
1000
2254
2342
2370
2030
2223
2020
2021
2022
2023
2024


Ung-og smábarnavernd
217
196
200
194
200
191
190
188
195
211
182
222
236
340
217
Fyrsta vitjun
6 vikna skoðun
9 vikna skoðun
3 mánaða skoðun
5 mánaða skoðun
6 mánaða skoðun
8 mánaða skoðun
10 mánaða skoðun
12 mánaða skoðun
18 mánaða skoðun
30 mánaða skoðun
48 mánaða skoðun
Skoðun-annað
Vitjun
Símtal

## *Heilsugæslusvið HVE*









# *Heilsugæslusvið HVE*

**Sjúkraflutningar - HVE**
Í apríl náðist sá áfangi að allar starfsstöðvar HVE voru komnar með nýjustu gerðina af sjúkrabílum og samtals níu bílar komnir á svæðið en það var árið 2020 sem fyrstu bílarnir komu. Þá var á árinu lokið við að samræma búnaðinn í öllum sjúkrabílum. Á HVE eru 17 fullbúnir sjúkrabílar og einn varabíll.







Mynd tekin á umferðar forvarnardegi FVA



Mynd tekin á umferðar forvarnardegi FVA

# Sjúkraflutningar á HVE 2020-2024

| | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | Breyting 2023-2024 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 915 | 1.174 | 1.460 | 1.451 | 1.555 | 104 | 7,2% |
